

## SAMRUNASKRÁ

Skrá þessi er tekin saman af Norðlenska matborðinu ehf., kt. 500599-2789, Grímseyjargötu, 600 Akureyri (hér eftir nefnt „**Norðlenska**“), Kjarnafæði hf., kt. 581289-1899, Sjávargötu 1, 601 Akureyri (hér eftir nefnt „**Kjarnafæði**“) og SAH Afurðum ehf., kt. 590106-0700, Húnabraut 39, 540 Blönduósi (hér eftir nefnt „**SAH**“) í tengslum við samruna félaganna. Í skránni verður vísað sameiginlega til Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH sem „**samrunaaðila**“ eða „**félaganna**“.

Skráin er tekin saman í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir nefnd **skl.**) og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær, að teknu tilliti til þeirra breytinga sem gerðar voru á skl. með lögum um breytingu á Samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum (almenn endurskoðun og norrænn samstarfssamningur), sem samþykkt voru á Alþingi hinn 29. júní sl.

Skránni er eingöngu ætlað að vera til afnota fyrir Samkeppniseftirlitið (hér eftir nefnt **SE**). Óskað er eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem fara hér á eftir og eru innan hornklofa sem trúnaðarmál, sbr. 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Gögn sem bundin eru trúnaði eru einnig merkt sérstaklega.

Allar upplýsingar sem veittar eru í þessari skrá eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund forráðamanna samrunaaðila. Kaflaskipting samrunaskrárinnar tekur mið af viðauka I við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum, eftir því sem við á.

Tengiliðir samrunaaðilanna vegna málsmeðferðar þessarar eru Hulda Árnadóttir hrl., [hulda@lex.is](mailto:hulda@lex.is), og Guðrún Lilja Sigurðardóttir hdl., [guðrun@lex.is](mailto:guðrun@lex.is), LEX, Borgartúni 26 í Reykjavík, sími 590 2600, sbr. umboð á fylgiskjali nr. 1.

Samrunagjald að fjárhæð 500.000 kr. hefur þegar verið greitt.

## 1. kafli

### Stutt lýsing samruna

**Norðlenska** er framleiðslufyrirtæki á sviði kjötvöru og er með starfsstöðvar á Akureyri, Húsavík og í Reykjavík. Norðlenska slátrar hrossum, nautgripum, sauðfé og svínum. Þá framleiðir Norðlenska og selur ýmsar vörur úr lamba-, nauta-, grísa- og hrossakjöti undir vörumerkjunum Goði, KEA, Húsavíkurkjöt og Bautabúrið. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er að annast slátrun búfjár, kjötvinnslu, rannsóknarstarfsemi og sölustarfsemi, ennfremur að taka þátt í atvinnurekstri með hlutfjárkaupum í öðrum félögum. Auk þess önnur skyld starfsemi og rekstur fasteigna. Norðlenska er að fullu í eigu Búsældar ehf. sem er í dreifðu eignarhaldi 485 bænda. Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna í fjárfestakynningu á fylgiskjali nr. 2.

**Kjarnafæði** er matvælavinnslufyrirtæki sem framleiðir og selur ýmsar vörur úr lamba-, nauta-, grísa- og hrossakjöti. Starfsemi félagsins fer fram á Svalbarðseyri. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er rekstur kjötvinnslu, framleiðsla á tilbúnum réttum og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Kjarnafæði er til jafns í eigu bræðranna Eiðs og Hreins Gunnlaugssona. Kjarnafæði á allt hlutfé í GMS ehf., kt. 691211-1260, Sjávargötu 1, 601 Akureyri (hér eftir nefnt „**GMS**“). GMS framleiðir tilbúna rétti fyrir Kjarnafæði. Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna í fjárfestakynningu á fylgiskjali nr. 2.

**SAH** rekur sláturhús og afurðasölu á Blönduósi. Starfsemi félagsins felst í slátrun á hrossum, nautgripum og sauðfé, og sölu á afurðum til matvælavinnslufyrirtækja. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er rekstur sláturhúss, vinnsla, vörubröun og sala búfjárafurða á sem hagstæðastan hátt og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. SAH er í eigu Tana ehf., kt. 571215-2330, Sjávargötu 1, 601 Akureyri (hér eftir nefnt „**Tani**“), en eignarhald á Tana er sama og eignarhald á Kjarnafæði. Nánari upplýsingar um félagið og starfsemi þess má finna í fjárfestakynningu á fylgiskjali nr. 2.

Með skuldbindandi samkomulagi um samruna, dags. 4. júlí 2020 (hér eftir nefnt „**samkomulagið**“) komust eigendur Norðlenska, Kjarnafæðis og SAH að samkomulagi um samruna félaganna (fylgiskjal nr. 3). Eðli samrunans er með þeim hætti að Kjarnafæði, Norðlenska og SAH verða sameinuð undir nafni og kennitölu nýs félags sem fyrirhugað er að stofna í tengslum við samrunann. Allar eignir samrunaaðila, þar með talið eignarhlutir í öðrum félögum, munu renna inn í hið nýja félag. Hluthafar í Norðlenska, Kjarnafæði og SAH munu fá hluti í hinu nýja félagi í skiptum fyrir hluti sína í framangreindum félögum. Í kjölfar samrunans munu eignarhlutföll í hinu nýstofnaða félagi vera þannig að Búsæld ehf. mun eiga [...]¹% eignarhlut, Eiður Gunnlaugsson mun eiga [...]²% eignarhlut, Hreinn Gunnlaugsson mun eiga [...]³% eignarhlut og Tani mun eiga [...]⁴% eignarhlut. Enginn hluthafa í hinu nýja félagi mun því fara með yfirráð yfir félaginu á grundvelli hlutfjáreignar.

---

¹ TRÚNAÐARMÁL

² TRÚNAÐARMÁL

³ TRÚNAÐARMÁL

⁴ TRÚNAÐARMÁL

[...]⁵

## 2. kafli

### Grunnupplýsingar um samrunaaðila

Aðilar samrunans eru samkvæmt framangreindu Norðlenska, Kjarnafæði og SAH.

## 3. kafli

### Upplýsingar um samrunann

#### 3.1. Aðdragandi samrunans

Aðdragandi samrunans er nokkuð langur. Undanfarin ár hefur reglulega verið skoðað af hálfu samrunaaðila hvort sameina mætti rekstur félaganna. Þannig hafa bæði Kjarnafæði og Norðlenska áður gert kauptilboð í rekstur hvors annars, en þær umleitanir hafa fram til þessa ekki skilað árangri.

Rekstur samrunafélaganna hefur verið mjög þungur undanfarin ár. Hafa þar einkum haft áhrif erfiðar ytri aðstæður, kostnaðarhækkningar umfram verðlagsþróun á matvörumarkaði og mikil aukin samkeppni erlendis frá. Samrunaaðilar eru í sambærilegum rekstri og eru samlegðaráhrif hins fyrirhugaða samruna því augljós. Er það mat samrunaaðila að samruni félaganna sé í raun nauðsynlegur til að tryggja rekstur þeirra í núverandi umhverfi.

Á vormánuðum 2018 var fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka fengin til þess að koma að milligöngu viðræðna milli félaganna um samruna. Þann 15. ágúst 2018 var ritað undir samkomulag milli samrunaaðila um helstu skilmála vegna væntanlegs samruna. Sá samruni gekk ekki eftir þar sem aðilar náðu ekki saman og var viðræðum slitið í maí 2019. [...]⁶.

Í maí 2020 voru viðræður aðila teknar upp á ný, sem fyrr með milligöngu fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka, og hinn 4. júlí sl. rituðu aðilar undir fyrrgreint samkomulag (fylgiskjal nr. 3). Í fréttatilkynningu, sem send var út hinn 6. júlí sl. kemur meðal annars fram að með samruna félaganna séu eigendur þeirra að bregðast við breytingum í rekstrarumhverfi matvælaíðnaðar undanfarin misseri. Auk þeirra atriða sem talin eru upp að framan hefur yfirstandandi heimsfaraldur haft mikil áhrif á starfsemi félaganna og telja eigendur þeirra að fyrirhugaður samruni komi til með að tryggja áframhaldandi rekstrargrundvöll til framtíðar.

Með undirritun fyrrgreinds samkomulags komst á bindandi samningur milli aðila um framkvæmd samrunans, með fyrirvörum um samþykki SE o.fl., sbr. umfjöllun í kafla 3.3.c hér á eftir.

#### 3.2. Markmið samrunans

---

⁵ TRÚNAÐARMÁL

⁶ TRÚNAÐARMÁL.

Meginmarkmið samrunans er að er að ná fram samlegðaráhrifum og aukinni hagkvæmni í rekstri með bættri nýtingu framleiðslupáttá, til þess að bregðast við erfiðum aðstæðum í rekstrarumhverfi félaganna sem skapast hafa undanfarin ár vegna ytri aðstæðna á hlutaðeigandi mörkuðum. Með þessu telja samrunaaðilar sig betur í stakk búna til þess að taka þátt í og viðhalda virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem þeir starfa á, ásamt því að tryggja áframhaldandi vöru- og framþróun á hlutaðeigandi mörkuðum og þannig eiga sinn þátt í að tryggja fæðuöryggi hér á landi, líkt og nánar er fjallað um í köflum 7 og 8 hér á eftir.

[...]<sup>7</sup>

Eins og að framan greinir þá hefur rekstur félaganna verið þungur undanfarin ár. Líkt og sjá má af lestri ársreikninga félaganna (fylgiskjöl 7-8, 11-12 og 15-16) eru þau verulega skuldsett og [...]<sup>8</sup>. Í þessu sambandi er rétt að nefna að hjá Norðlenska eru sláturhús og kjötvinnsla rekin undir einum hatti, en í tilviki Kjarnafæðis og SAH, sem eru undir sama eignarhaldi, skiptist starfsemin þannig að Kjarnafæði stundar kjötvinnslu og SAH slátrun. Af þeim sökum er nauðsynlegt að skoða reikninga þessara féлага saman. [...]<sup>9</sup> Ljóst er að rekstrarafkoma félaganna [...]<sup>10</sup>

Í úttekt KPMG á afurðarstöðvum, sem gerð var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, er það staðfest að afkoma afurðarstöðva er óásættanleg og að auka þurfi hagræði innan greinarinnar (sjá fylgiskjal nr. 28). Með samrunanum leitast samrunaaðilar því við að mæta þeim raunveruleika sem blasir við þeim. Telja samrunaaðilar að sameinað félag sé betur í stakk búið til þess að mæta þörfum markaðarins hverju sinni og taka þátt í virkri samkeppni á markaði, einkum frá fjársterkum aðilum sem búa yfir stærðarhagkvæmni í rekstri og þar með betri afkomu, sbr. umfjöllun á bls. 21-27 í úttekt KPMG. Nánari umfjöllun um aðstæður, samkeppni og keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum er að finna í kafla 8 hér á eftir.

### 3.3. Eðli samrunans

- a. Áformaður er fullur samruni samrunaaðila með stofnun nýs félags. Hið nýstofnaða félag tekur þá við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum félaganna sem það tók yfir.
- b. Hið nýja samrunafélag verður rekið sem einkahlutafélag í samræmi við lög nr. 138/1994, um einkahlutafélög.
- c. Undirritað samkomulag um samruna félaganna er gert meðal annars með fyrirvara um samþykki SE, auk þess sem sett er að skilyrðum að samkomulag náist um ásættanlegt orðalag í endanlegum samningum og skjölum tengdum samrunanum

---

<sup>7</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>8</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>9</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>10</sup> TRÚNAÐARMÁL

(þ.e. hluthafasamkomulagi, samrunaskrá eða kaupsamningi og endanlegum leigusamningi), sbr. 3. gr. samkomulagsins. Þá er gerður fyrirvari um að endanlegur samruni félaganna verði samþykktur á hluthafafundi Búsældar. Samruni aðila verður því framkvæmdur þegar nefnd skilyrði hafa verið uppfyllt eða fallið hefur verið frá þeim.

Þrátt fyrir það sem fram kemur í 3. gr. samkomulagsins liggur nú fyrir að ekki er áformað að ganga frá kaupsamningi vegna samrunans. Samrunaaðilar líta svo á að samkomulagið sé skuldbindandi og þar er kveðið á um skilmála samrunans.

Fyrirvari um leigusamning lýtur að gerð nýs leigusamnings um húsnæði að Oddeyrartanga, sem Norðlenska leigir af Miðpunkti ehf., félagi í eigu núverandi eigenda Kjarnafæðis. Núgildandi leigusamningur var gerður árið 2007 og hafa alls þrjár viðaukar verið gerðir við hann (fylgiskjal nr. 5). Í 2. gr. samkomulagsins segir að aðilar hafi náð samkomulagi um að sameinað félag skuli taka við sem leigutaki samkvæmt samningnum, með nánar tilteknum breytingum sem taldar eru upp í fjórum liðum. Þess ber að geta að samrunaaðilar hafa nú undirritað viðauka við leigusamninginn (fylgiskjal nr. 6) þar sem leigusamningnum er breytt til samræmis við 2. gr. samkomulagsins. Hefur fyrirvari er varðar leigusamning því verið uppfylltur.

Líkt og að framan greinir liggja fyrir drög að hluthafasamkomulagi fyrir sameinað félag (fylgiskjal nr. 4). Gert er ráð fyrir að það verði undirritað í kjölfar stofnunar félagsins, en efnistöð þess hafa verið samþykkt af eigendum samrunaaðila, sem koma til með að verða eigendur hins sameinaða félags.

- d. Enginn samrunaaðila hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð í sínum rekstri. Þó má segja að beingreiðslur ríkisins til sauðfjárþænda á grundvelli búvörulaga og reglugerðar um stuðning við sauðfjarrækt feli að vissu leyti í sér nokkurs konar óbeina fjárhagsaðstoð í formi lægra afurðarverðs. Þá hafa allir samrunaaðilar nýtt sér hina svokölluðu hlutabótaleið vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

3.4. Þeir atvinnuvegir sem samruninn nær til

Skráð atvinnustarfsemi Kjarnafæðis er „*framleiðsla á kjötafurðum*“ sem tilheyrir flokki 10.13.0 samkvæmt ÍSAT. Skráð starfsemi Norðlenska og SAH er „*slátrun og vinnsla á kjöti, þó ekki alifuglakjöt*“, sem tilheyrir flokki 10.11.0 samkvæmt ÍSAT.

3.5. Kaupverð  
[...]<sup>11</sup>

3.6. Upplýsingar um veltu

Samkvæmt 17. gr. a samkeppnislaga skal við tilkynningu samruna telja með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem

---

<sup>11</sup> TRÚNAÐARMÁL.

aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirlit yfir. Nánar verður fjallað um þessa aðila í 4. kafla, en velta þessara aðila hvers um sig fer hér á eftir.

***Kjarnafæði og tengdir aðilar***

Velta **Kjarnafæðis** var eftirgreind árin 2018 og 2019:

Árið 2019: Heildarvelta var 4.320 m. kr. [...]<sup>12</sup>

Árið 2018: Heildarvelta var 4.300 m. kr. [...]<sup>13</sup>

Velta **GMS** var eftirgreind árin 2018 og 2019:

Árið 2019: Heildarvelta var 53 m. kr.

Árið 2018: Heildarvelta var 80 m. kr.

Velta **SAH** var eftirgreind árin 2018 og 2019:

Árið 2019: Heildarvelta var 1.891 m. kr. [...]<sup>14</sup>.

Árið 2018: Heildarvelta var 2.036 m. kr. [...]<sup>15</sup>

Velta **Tana** var eftirgreind árin 2018 og 2019:

Árið 2019: Heildarvelta var 0 kr.

Árið 2018: Heildarvelta var 0 kr.

Eins og áður segir er félagið eignarhaldsfélag og stundar enga aðra starfsemi. Velta þess er því engin.

***Norðlenska og tengdir aðilar***

Velta **Norðlenska** var eftirgreind árin 2018 og 2019:

Árið 2019: Heildarvelta var 5.199 m. kr. [...]<sup>16</sup>

Árið 2018: Heildarvelta var 5.171 m. kr. [...]<sup>17</sup>

Velta **Búsældar** var eftirgreind árin 2016 og 2017:

Árið 2019: Heildarvelta var 0 kr.

---

<sup>12</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>13</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>14</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>15</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>16</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>17</sup> TRÚNAÐARMÁL

Árið 2018: Heildarvelta var 0 kr.

Eins og áður segir er félagið eignarhaldsfélag og stundar enga aðra starfsemi. Velta þess er því engin.

Velta **Icelandic Byproducts ehf.** var eftirgreind árin 2018 og 2019. Þess skal getið að allar tekjur félagsins eru vegna útflutnings:

Árið 2019: Heildarvelta var 35 m. kr.

Árið 2018: Heildarvelta var 29 m. kr.

Velta **Goða ehf.** var eftirgreind árin 2018 og 2019:

Árið 2019: Heildarvelta var 0 kr.

Árið 2018: Heildarvelta var 0 kr.

Velta **Baulu ehf.** var eftirgreind árin 2018 og 2019:

Árið 2019: Heildarvelta var 0 kr.

Árið 2018: Heildarvelta var 0 kr.

### 3.7. Viðskiptalegar forsendur

[...]¹⁸

Þá vísast um viðskiptalegar forsendur samrunans að öðru leyti til umfjöllunar um markmið viðskiptanna.

---

¹⁸ TRÚNAÐARMÁL

#### 4. kafli

### Eignarhald og yfirráð

#### ***Kjarnafæði, SAH og tengd félög***

**Kjarnafæði** er í eigu bræðranna Eiðs Gunnlaugssonar, kt. 120357-7949, Hrafnabjörgum 4, 600 Akureyri, og Hreins Gunnlaugssonar, kt. 221054-4420, Smáratúni 14, 606 Akureyri. Eru þeir hvor um sig eigandi að 50% eignarhlut í Kjarnafæði. Af því leiðir að enginn fer með yfirráð yfir félaginu á grundvelli hlutafjareignar. Ekki eru til staðar samningar eða samkomulag er varða yfirráð yfir félaginu. Af því leiðir að enginn telst fara með yfirráð yfir því í skilningi samkeppnislaga.

**GMS** er að fullu í eigu Kjarnafæðis.

**Tani** er í eigu Eiðs Gunnlaugssonar, kt. 120357-7949, Hrafnabjörgum 4, 600 Akureyri, og Hreins Gunnlaugssonar, kt. 221054-4420, Smáratúni 14, 606 Akureyri. Eiga þeir hvor um sig helmingshlut. Félagið er eigandi alls hlutafjár í SAH. Félagið er eignarhaldsfélag og stundar enga aðra starfsemi.

**SAH** er að fullu í eigu Tana ehf.

#### ***Norðlenska og tengd félög***

**Norðlenska** er að fullu í eigu Búsældar ehf.

**Búsæld ehf.**, kt. 631203-4420, Grímseyjargötu, 600 Akureyri, eigandi að 100% eignarhlut í Norðlenska matborðinu ehf. Megintilgangur félagsins er að efla hag hluthafa með því að eiga hlut í starfrækslu á slátrun búfjár, vinnslu og sölu búfjárafurða. Skal tilganginum meðal annars náð með kaupum og eignarhaldi á eignarhlutum í starfandi afurðastöðvum og tengdum vinnslum. Starfsemi félagsins er í dag takmörkuð við eignarhald í Norðlenska. Búsæld er í eigu 485 hluthafa. Enginn hluthafi á 10% eða meira í félaginu. Lista yfir alla hluthafa miðað við ársreikning 2019 er að finna í fylgiskjali nr. 25. Tíu stærstu hluthafarnir miðað við ársreikning 2019 eftirgreindir:

Teigur-eignir ehf.	6,48%
Búvangur ehf.	5,16%
Hlíð hf.	4,98%
Stefán Þórðarson ehf.	1,22%
Egilsstaðabúið ehf.	1,16%
Félagsbúið Halllandi ehf.	0,94%
Hriflubú sf.	0,68%
Trausti Þórisson	0,67%
Heimavöllur ehf.	0,66%
Marteinn Sigurðsson	0,65%

**Icelandic Byproducts ehf.**, kt. 420710-0460, Grímseyjargötu, 600 Akureyri, er framleiðslufyrirtæki sem sér um úrvinnslu, umsýslu og sölu aukaafurða frá sláturhúsum til útflutnings. Félagið er að fullu í eigu Norðlenska.




**Goði ehf.**, kt. 501008-0870, Grímseyjargötu, 600 Akureyri. Félagið er eignarhaldsfélag en engin starfsemi er rekin í því. Félagið er að fullu í eigu Norðlenska.


**Baula ehf.**, kt. 591009-1090, Grímseyjargötu, 600 Akureyri. Félagið er eignarhaldsfélag en engin starfsemi er rekin í því. Félagið er að fullu í eigu Norðlenska.

Framangreind tengsl má einnig sýna á myndrænan hátt til skýringarauka.

**Fyrir samruna:**



**Eftir samruna:**



## 5. kafli

### Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur

- 5.1 Varðandi yfiráð þeirra félaga sem hér eru til skoðunar yfir öðrum félögum vísast til umfjöllunar að framan. Auk þess sem þar kemur fram þá á Kjarnafæði 34,78% eignarhlut í **Sláturfélagi Vopnfirðinga hf.**, kt. 590989-2159, Hafnarbyggð 8, 690 Vopnafjörður. Hlutfélag Sláturfélags Vopnfirðinga hf. skiptist á 68 hluthafa og eiga þeir þeirra yfir 10% eignarhlut í félaginu. Er skiptingin eftirfarandi:

Kjarnafæði hf.	34,78%
Vopnafjarðarhreppur	25,63%
Búnaðarfélag Vopnfjarðar	18,02%
Aðrir aðilar (65)	21,57%

Ekki eru til staðar samningar eða samkomulag er varða yfiráð yfir félaginu. Af því leiðir að enginn telst fara með yfiráð yfir því í skilningi samkeppnislaga.

Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir eiga einnig hvor um sig 50% eignarhlut í félaginu **Miðpunktur ehf.**, kt. 570293-2819, Sjávangötu 1, 601 Akureyri. Félagið, sem á ýmsar fasteignir á Akureyri, er ekki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrif gæti en rétt er að nefna að félagið á þá fasteign sem hýsir höfuðstöðvar Norðlenska á Akureyri, líkt og getið er um hér að framan og í 2. gr. samkomulagsins.

- 5.2 Upplýsingar um hlutfélagabátttöku núverandi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Búsældar, Norðlenska, Kjarnafæði, Tana ehf. og SAH, auk þeirra félaga sem eru í eigu samrunaaðila eða undir þeirra yfiráðum, sbr. umfjöllun í 4. kafla, fylgja með samrunaskrá þessari, sbr. fylgiskjal nr. 27. Ekki verður séð að þeir reki aðra starfsemi á sömu mörkuðum og félögin starfa á, að frátalinni þeirri er þeim tengist. Samrunaaðilar telja hlutfélagabátttöku fyrrgreindra aðila, með hliðsjón af þeim samruna sem fjallað er um í samrunaskrá þessari ekki hafa áhrif á skilgreinda markaði málsins.

Í þessu sambandi skal þó nefnt að Gróa Jónsdóttir, stjórnarmaður í Norðlenska, er jafnframt varamaður í stjórn Breiðdalsbita ehf., sem framleiðir meðal annars afurðir úr kjöti, en einnig brauð og bakkelsi.

- 5.3 Hjá þeim fyrirtækjahóp sem tilgreindur er í 4. kafla hér að framan er ekki fyrir að fara neinum kaupum á fyrirtækjum sem stunda starfsemi á þeim mörkuðum sem áhrifa gæti á undanförunum þremur árum.

## 6. kafli

### Skilgreiningar á mörkuðum

#### I. Viðkomandi vöru-/þjónustumarkaðir

Líkt og fram kom í 1. kafla samrunaskrár þá starfa samrunafélögin við slátrun, vinnslu og heildsölu á kjötvörum. Varðar starfsemi samrunaaðila fyrst og fremst nautakjöt, lambakjöt, hrossakjöt og svínakjöt. Þá varðar starfsemi samrunaaðila að litlu leyti kjúklingakjöt og fisk.

Í ákvörðun SE nr. 33/2010, *Samkeppnishömlur í tengslum við forverðmerkingar á kjötvörum*, var fjallað um starfsemi fyrirtækja sem starfa við vinnslu og heildsöludreifingu á kjöti og kjötvörum. Þar segir að í eldri málum þar sem fjallað hafði verið um framleiðslu og heildsöludreifingu á kjöti hafi verið komist að því að hver kjöttegund tilheyri sérstökum markaði. Er þar vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 25/2001, en þar var talið að sérstakir eiginleikar kjúklingakjöts leiddu til þeirrar niðurstöðu að takmörkuð staðganga væri á milli kjúklingakjöts og annarra tegunda af kjöti. Segir svo að SE telji sömu sjónarmið eiga við í málinu og því var mörkuðum málsins skipt niður eftir kjöttegundum, sem voru lambakjöt, nautakjöt, svínakjöt, hrossakjöt og kjúklingakjöt.

Í framangreindri ákvörðun, nr. 33/2010, var talið að heildsala á fersku kjöti annars vegar og unnu kjöti hins vegar væru aðskildir vörumarkaðir. Segir þar að til fyrrnefnda flokksins, þ.e. markaðurinn fyrir ferskt kjöt, teljist allt ferskt kjöt og frosið „hvort sem það er selt í stórum eða litlum einingum, úrbeinað eða óúrbeinað.“ Hvað markað fyrir unnið kjöt varðar þá var hann talinn varða „allt kjöt sem hefur verið unnið á einhvern hátt, s.s. með viðbættu kryddi, reykingu o.þ.h.“ Þá kemur fram að rök standi til þess að skipta mörkuðum fyrir unnar kjötvörur enn frekar í undirmarkaði eftir vörutegundum og eru í dæmaskyni nefndur markaður fyrir svínapylsur og markaður fyrir sneitt beikon. Hins vegar segir að ekki sé þörf á að greina markaðinn í frekari undirmarkaði „þar sem flestar umræddar kjötvinnslur bjóða að meginstefnu til upp á svipaðar vörulínur innan hverrar kjöttegundar.“

Í ákvörðun SE nr. 3/2011, *Samruni Stjórnugríss hf. við Rekstrarfélagið Braut ehf. og LS2 ehf.*, var m.a. fjallað um markaðinn fyrir slátrun á svinum. Þar segir að þann markað mætti jafnframt nefna markaðinn fyrir sölu á slátruðum grísnum þar sem „nær óunnið kjöt er afurð slátruhúsa.“ Segir einnig að „afurðin sem slátruhús selja eru dýraskrokkar sem kjötvinnslur selja sem ferskt kjöt eða unnið.“ Með hliðsjón af þessu, sem og því að greint væri milli kjöts af ólíkum dýrategundum, var talið rétt að skilgreina sérstakan markað fyrir slátrun á svinum. Þá var einnig talið rétt að skilgreina markaðinn fyrir vinnslu á svínakjöti sem sérstakan markað, og m.a. vísað til þeirra röksemda sem fram komu á ákvörðun SE í máli 33/2010, sem fjallað er um hér að framan.

Í ákvörðun SE nr. 30/2014, *Samruni KS sölu ehf., Slátruhússins Hellu hf. og Skanka ehf.*, voru samrunaaðilar m.a. virkir í slátrun og vinnslu á kjöti. Í umfjöllun um markaðsskilgreiningar er tekið fram að hver kjöttegund tilheyri sérstökum markaði, og vísað var í fyrri ákvarðanir SE sem gert er grein fyrir hér að framan. Hvað varðaði slátrun taldi SE að samruninn varðaði markaði fyrir slátrun á mismunandi kjöttegundum. Þá var einnig talið að samruninn varðaði annars vegar sölu á ferskum kjötvörum og hins vegar sölu á unnum kjötvörum. Voru þeir markaðir einnig aðgreindir í sölu til dagvöruverslana annars vegar og aðra heildsölu hins vegar.

Í framangreindri ákvörðun er sérstaklega fjallað um mat á markaðshlutdeild aðila og í því sambandi tekið fram að þar sem samþætting slátruhúsa og vinnslu væri mjög mismunandi þá væri erfiðleikum bundið að vinna samanburðarhæfar upplýsingar upp úr ársreikningum allra slátruleyfshafa og vinnslufyrirtækja í landinu, sem leiddi til þess að SE þótti rétt að kalla eftir sundurlíðuðum upplýsingum frá slátruhúsum og vinnsluaðilum. Samrunaaðilar í því máli sem hér er til umfjöllunar telja slíka stöðu enn vera fyrir hendi á hlutaðeigandi mörkuðum, líkt og nánar er vikið að í kafla 7 hér á eftir, sem leiðir til þess að samrunaaðilar eiga mjög erfitt með að leggja mat á markaðshlutdeild aðila á umræddum mörkuðum.

Í ákvörðun SE nr. 11/2016, *Samruni KS sölu ehf., Esju Gæðafæðis ehf. og Gallerí Kjöts ehf.*, var það niðurstaða SE að viðkomandi markaðir væru annars vegar vinnsla og sala á ferskum kjötvörum og hins vegar vinnsla og sala á unnum kjötvörum.

Í skýrslum SE nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, og nr. 1/2015, *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði*, er einnig fjallað að nokkru um mismunandi vörumarkaði kjötvara og um markaðshlutdeild aðila á þeim mörkuðum. Er sú markaðsskipting sem þar er stuðst við í samræmi við þær ákvarðanir SE sem hér hefur verið fjallað um.

## II. Viðkomandi landfræðilegur markaður

Hvað snertir landfræðilega afmörkun markaða málsins, þá telja samrunaaðilar þá vera **landið allt**. Sú afstaða fær einnig stoð í framkvæmd Samkeppnisyfirvalda, sbr. t.d. fyrrnefndar ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2010, 1/2011, 30/2014 og 11/2016, en í þeim var landfræðileg afmörkun allra fyrrgreindra markaða talin vera landið allt.

## III. Markaðir þar sem áhrifa gætir

Með vísan til framangreinds telja samrunaaðilar að viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir séu markaður fyrir slátrun, heildsölu á ferskum kjötvörum og heildsölu á unnum kjötvörum. Framangreindir markaðir skiptast svo niður í undirmarkaði eftir einstökum kjöttegundum. Þeir markaðir sem áhrifa gætir hvað samrunaaðila varðar eru markaðir fyrir nautakjöt, lambakjöt og hrossakjöt. SAH kemur ekki að slátrun á svínunum og gætir áhrifa samrunans því ekki á þeim markaði. Þá er einnig gerður greinarmunur á sölu á ferskum og unnum kjötvörum annars vegar til dagvöruverslana og hins vegar í annarri heildsölu. Því er um að ræða eftirfarandi undirmarkaði:

- Markaður fyrir slátrun á nautgripum
- Markaður fyrir slátrun á sauðfé
- Markaður fyrir slátrun á hrossum
  
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku nautakjöti til dagvöruverslana
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku nautakjöti til annarra aðila
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku kindakjöti til dagvöruverslana
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku kindakjöti til annarra aðila
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku svínakjöti til dagvöruverslana
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku svínakjöti til annarra aðila
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku hrossakjöti til dagvöruverslana
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku hrossakjöti til annarra aðila
  
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu nautakjöti til dagvöruverslana
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu nautakjöti til annarra aðila
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu kindakjöti til dagvöruverslana
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu kindakjöti til annarra aðila
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu svínakjöti til dagvöruverslana
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu svínakjöti til annarra aðila
- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu hrossakjöti til dagvöruverslana

- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu hrossakjöti til annarra aðila

Jafnframt líta samrunaaðilar svo á að framangreindir markaðir afmarkist landfræðilega í öllum tilfellum við landið allt.

Líkt og að framan greinir, og kemur fram í fjárfestakynningu á fylgiskjali 2, hafa bæði Norðlenska og Kjarnafæði haft með höndum innflutning og sölu á kjúklingakjöti. Þessi starfsemi er mjög lítil að umfangi hjá báðum aðilum [og má í reynd segja að um sé að ræða hliðarstarfsemi í því skyni að veita viðskiptavinum félaganna á veitinga-, mötuneyta- og stóreldhúsamarkaði betri þjónustu.]<sup>19</sup>

[...] <sup>20</sup>

[...] <sup>21</sup>

Þá er rétt að geta þess að Kjarnafæði selur fisk frá Norðanfiski í litlu magni, einungis til mötuneyta, auk þess að selja sósur og salöt frá fyrirtækjunum Nonna litla ehf. og Matur og Mörk ehf. Í reynd er einungis um að ræða stoðþjónustu við viðskiptavinum sem kaupa heildarlausnir fyrir veislur. [...] <sup>22</sup>

[...] <sup>23</sup>

### III. *Markaðir þar sem áhrifa gættir ekki*

Eins og nefnt er hér að framan þá kemur SAH ekki að slátrun á svínum. Þar sem Norðlenska er eini aðili samrunans sem starfar á þeim markaði hefur samruninn ekki áhrif á þann markað. Þó skal þess getið að Kjarnafæði kaupir grísi frá framleiðanda til frekari vinnslu og heildsölu.

Rétt er að geta þess að Norðlenska selur einnig egg í litlum mæli, einungis til mötuneyta. Þar sem Norðlenska er eini aðili samrunans sem starfar á þessum markaði hefur samruninn ekki áhrif á hann.

## 7. kafli

### Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gættir

- a) Stærð skilgreindra markaða

#### Markaðir fyrir slátrun

Samrunaaðilar telja rétt að áætla heildarstærð markaða fyrir slátrun út frá fjölda sláturgripa. Útreikningar þessir byggja á tölum frá Hagstofu Íslands um kjötframleiðslu eftir tegundum.

- *Markaður fyrir slátrun á nautgripum*

---

<sup>19</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>20</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>21</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>22</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>23</sup> TRÚNAÐARMÁL

Ár	Fjöldi sláturgripa
2019	22.728
2018	22.807
2017	22.841

- *Markaður fyrir slátrun á sauðfé*

Ár	Fjöldi sláturgripa
2019	559.596
2018	600.145
2017	597.601

- *Markaður fyrir slátrun á hrossum*

Ár	Fjöldi sláturgripa
2019	9.287
2018	7.614
2017	8.977

### **Markaðir fyrir vinnslu og heildsölu á fersku kjöti og markaðir fyrir vinnslu og heildsölu á unnu kjöti**

Líkt og fram kemur í ákvörðunum SE nr. 30/2014 og 11/2016 þá er samþætting sláturhúsa og vinnslu með mismunandi hætti og erfiðleikum er bundið að vinna samanburðarhæfar upplýsingar upp úr ársreikningum þeirra fyrirtækja sem starfa að viðkomandi mörkuðum. Á skilgreindum mörkuðum samrunans starfar fjöldi aðila af ólíkum stærðum og gerðum, allt frá minni kjötvinnslum og sláturhúsum til stærri fyrirtækja með fjölþætta starfsemi. Má þar nefna sem dæmi Sláturfélag Suðurlands, Kaupfélag Skagfirðinga, Ferskar kjötvörur (í eigu Haga), Esju kjötvinnslu, Síld og fisk, Stjörnugrís, og fjölda annarra smærri aðila. Markaðir eru auk þess nokkuð þröngt afmarkaðir og umsvif hlutaðeigandi fyrirtækja á hverjum markaði fyrir sig eru ólík milli aðila. Af þessu leiðir að samrunaaðilum er í raun ómögulegt að leggja mat á stærð viðkomandi markaða og markaðshlutdeild aðila á þeim mörkuðum á grundvelli þeirra upplýsinga sem samrunaaðilar hafa aðgengi að.

#### b) Markaðshlutdeild samrunaaðila

##### **Markaðir fyrir slátrun**

Markaðshlutdeild samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum fyrir slátrun, miðað við fjölda sláturgripa, er eftirfarandi:

- *Markaður fyrir slátrun á nautgripum<sup>24</sup>*

---

<sup>24</sup> Tölur innan hornklofa í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

Ár	SAH	Norðlenska	Samtals	Landið allt	Markaðshlutdeild
2019				22.728	
2018				22.807	
2017				22.841	

- *Markaður fyrir slátrun á sauðfé<sup>25</sup>*

Ár	SAH	Norðlenska	Samtals	Landið allt	Markaðshlutdeild
2019				559.596	
2018				600.145	
2017				615.762	

- *Markaður fyrir slátrun á hrossum<sup>26</sup>*

Ár	SAH	Norðlenska	Samtals	Landið allt	Markaðshlutdeild
2019				9.287	
2018				7.614	
2017				8.977	

### Markaðir fyrir vinnslu og heildsölu á fersku kjöti

Eins og segir hér að framan þá geta samrunaaðilar ómögulega getið sér til um heildarstærð viðkomandi markaða þegar kemur að vinnslu og heildsölu, en rétt er að geta þess að samrunaaðilar telja þessara markaða einnig ná yfir innflutning. Þegar af þeim sökum eiga samrunaaðilar erfitt um vik með að áætla markaðshlutdeild sína á hlutaðeigandi mörkuðum og færa rök fyrir slíkri áætlun.

Samrunaaðilar telja að markaðshlutdeild þeirra á mismunandi mörkuðum slátrunar, miðað við fjölda sláturgripa, kunni að einhverju leyti að nýtast til viðmiðunar um hlutdeild þeirra á mörkuðum vinnslu og heildsölu á fersku og unnu kjöti, þó að teknu tilliti til þess að innflutningur er talsverður og vaxandi, einkum á nautakjöti. Í því sambandi skal hins vegar tekið fram að samrunaaðilar bæði kaupa kjöt frá öðrum aðilum til vinnslu og selja kjöt áfram til annarra kjötvinnsla, til að mynda þegar þeir geta ekki sjálfir mætt eftirspurn eftir tilteknum vörutegundum eða þegar flutningsleiðir eru ófærar vegna veðurs. Umfang þeirra viðskipta á árunum 2018 og 2019 var sem hér segir<sup>27</sup>:

<sup>25</sup> Tölur innan hornklofa í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>26</sup> Tölur innan hornklofa í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>27</sup> Tölur innan hornklofa í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

	Kaup á kjöti frá öðrum aðilum til vinnslu og endursölu 2018	Sala á kjöti til annarra kjötvinnsla 2018	Kaup á kjöti frá öðrum aðilum til vinnslu og endursölu 2019	Sala á kjöti til annarra kjötvinnsla 2019
Norðlenska				
Kjarnafæði				
SAH				

Framangreindar tölur sýna að viðskipti samrunaaðila við utanaðkomandi aðila með kjöt til vinnslu, hvort sem er kaup eða sala, eru mjög lítil hluti af heildarveltu þeirra, sem styður að þeirra mati framangreind sjónarmið að markaðshlutdeild á mörkuðum fyrir slátrun kunni að einhverju leyti að endurspeglar markaðshlutdeild á mörkuðum fyrir vinnslu og heildsölu á ferskum og unnum kjötvörum.

Í skýrslu SE nr. 1/2012, *Verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði*, var fjallað um stöðu kjötvinnsla á mörkuðum fyrir sölu á mismunandi kjöttegundum til dagvöruverslana. Þar var tekið saman allt kjöt af mismunandi dýrategundum, án þess að greinarmunur væri gerður á fersku kjöti annars vegar og unnu kjöti hins vegar. Sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila miðað við skýrsluna er eftirfarandi:

Kjöttegund	Sameiginleg markaðshlutdeild
Nautakjöt	30-40%
Lambakjöt	45-55%
Svínakjöt	20-30%

Samrunaaðilar telja að markaðshlutdeild þeirra að því er umræddar kjöttegundir varðar sé í dag lægri en hún var á þeim tíma sem fyrrgreind skýrsla SE er miðuð við. Tæpur áratugur er liðinn frá því skýrslan var unnin og hafa orðið nokkrar breytingar á þeim mörkuðum sem um ræðir á þeim tíma, sem má m.a. rekja til breytinga á löggjöf er varðar innflutning á kjöti, þ.e. samdrátt í framleiðslu og mikla aukningu í innflutningi, aukið og breytt vöruframboð hjá keppinautum, t.d. Stjórnugrís og Ferskum kjötvörum, aukningu í neyslu á kjúklingakjöti á kostnað lamba- og nautakjöts (sem samrunaaðilar leggja hvað mesta áherslu á), auk þess sem veik staða samrunaaðila hefur valdið því að fjársterkari sláturleyfishafar hafa aukið hlutdeild sína í slátrun með yfirborgunum. Hvað sérstaklega varðar markað fyrir lambakjöt má einkum nefna að á árabílinu 2017-2019 hefur orðið sú breyting að heildarfjöldi lamba í slátrun á landsvísi hefur dregist saman úr 559.954 stk. í 506.779 stk., eða um 9,5%. Stefnir í frekari samdrátt haustið 2020 og gera áætlanir ráð fyrir að samdráttur verði um 3% til viðbótar. [...]²⁸. Loks verður við mat á stærð innanlandsmarkaða að taka tillit til útflutnings, en samrunaaðilar áætla að um 25% af sauðfjárkjöti sé flutt úr landi til sölu erlendum mörkuðum.

Loks er rétt að taka fram að í framangreindri skýrslu SE var ekki vikið að stöðu aðila á markaði fyrir vinnslu og heildsölu á hrossakjöti. Markaður fyrir folalda- og hrossakjöt er þó að mati samrunaaðila alla jafna ekki nema um 2-4% af heildarkjötmarkaði á Íslandi. Þá er þess að geta

²⁸ TRÚNAÐARMÁL



að mikið er um útflutning á þessari kjötttegund. Til að setja stærð markaðarins í samhengi má nefna að eftirfarandi var sala samrunaaðila á folalda- og hrossakjöti árin 2018 og 2019<sup>29</sup>:

Ár	Kjarnafæði	Hlutfall af heildarveltu	Norðlenska	Hlutfall af heildarveltu
2019				
2018				

Þar sem samrunaaðilar hafa ekki aðgengi að nægilega nákvæmum upplýsingum um samkeppnisaðila sína á skilgreindum mörkuðum málsins verður hér farin sú leið að veita SE eins nákvæmar upplýsingar og unnt er um skiptingu tekna samrunaaðila á hinum skilgreindu mörkuðum.

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku nautakjöti til dagvöruverslana*<sup>30</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku nautakjöti til annarra aðila*<sup>31</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku kindakjöti til dagvöruverslana*<sup>32</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku kindakjöti til annarra aðila*<sup>33</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		

<sup>29</sup> Tölur innan hornklofa í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>30</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>31</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>32</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>33</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku svínakjöti til dagvöruverslana*<sup>34</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku svínakjöti til annarra aðila*<sup>35</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku hrossakjöti til dagvöruverslana*<sup>36</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á fersku hrossakjöti til annarra aðila*<sup>37</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

### **Markaðir fyrir vinnslu og heildsölu á unnu kjöti**

Að breyttu breytanda á umfjöllun samrunaaðila hér að framan varðandi markaði fyrir vinnslu og heildsölu á fersku kjöti einnig við um markaði fyrir vinnslu og heildsölu á unnu kjöti. Þannig

<sup>34</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>35</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>36</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>37</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

geta samrunaaðilar ómögulega getið sér til um heildarstærð viðkomandi markaða, og að sama skapi geta samrunaaðilar hvorki sagt til um markaðshlutdeild sína. Hér verða því einnig veittar upplýsingar um hvernig samrunaaðilar áætla að tekjur sínar skiptist milli viðkomandi undirmarkaða.

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu nautakjöti til dagvöruverslana<sup>38</sup>*

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu nautakjöti til annarra aðila<sup>39</sup>*

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu kindakjöti til dagvöruverslana<sup>40</sup>*

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu kindakjöti til annarra aðila<sup>41</sup>*

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- *Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu svínakjöti til dagvöruverslana<sup>42</sup>*

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		

<sup>38</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>39</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>40</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>41</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>42</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

2017		
------	--	--

- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu svínakjöti til annarra aðila<sup>43</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu hrossakjöti til dagvöruverslana<sup>44</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

- Markaður fyrir vinnslu og heildsölu á unnu hrossakjöti til annarra aðila<sup>45</sup>

Ár	Kjarnafæði	Norðlenska
2019		
2018		
2017		

c) Mat á heildarverðmæti og heildarmagni og uppruna innflutnings

Kjarnafæði flytur inn kjöt erlendis frá til frekari vinnslu og/eða sölu hér á landi, m.a. nautakjöt, svínakjöt, unna kjötvöru og kjúkling. [...] <sup>46</sup> Sú breyting hefur orðið á fyrirkomulagi við úthlutun tollkvóta árið 2020 að nú gildir lægsta samþykktá verð fyrir alla þá sem fá úthlutaðan tollkvóta. Þetta gerir það að verkum að unnt er að áætla heildarverðmæti innflutnings hvert ár fyrir sig. Fram til ársins 2019 voru upplýsingar um heildarverðmæti innflutnings á grundvelli tollkvóta ekki aðgengilegar. Miðað við þær upplýsingar sem samrunaaðilar hafa aðgang að hefur Kjarnafæði reiknað út hlutdeild sína í innflutningi kjöts á grundvelli tollkvóta. [...] <sup>47</sup>.

Þess má geta að framangreindar upplýsingar ná einungis til kjötvara sem fluttar eru inn á grundvelli tollkvóta. Hins vegar er það svo að hægt er að flytja inn ákveðnar vöruhegundir, t.d. nautalundir, á fullum tollum (án tollkvóta) sem standa engu að síður vel að vígi í verðsamkeppni við innlenda framleiðslu. Þar að auki hafa verndartollar, t.d. nautakjöti, lækkað umtalsvert á undanförunum árum. Þetta hefur vitanlega leitt til aukningar á innflutningi í samkeppni við

<sup>43</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>44</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>45</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>46</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>47</sup> TRÚNAÐARMÁL

innlenda framleiðslu. Erlend samkeppni veikir stöðu innlendrar framleiðslu töluvert, enda er framleiðslukostnaður í íslenskum landbúnaði umtalsvert hærri á Íslandi en víða annars staðar, einkum vegna smæðar markaðarins, strjálbýlis, smæðar búa, hás vaxta- og launakostnaðar, veðurfars o.fl.

Norðlenska stundar ekki innflutning, en hefur keypt innfluttar vörur frá öðrum innlendum aðilum, þar á meðal Kjarnafæði, til frekari vinnslu og/eða endursölu.

d) Hvernig staðið er að sölu á þjónustu

Virðisbættan á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á er margþætt og nær allt frá býli og til endanlegs söluaðila, eða eftir atvikum endanlegra notenda. Virðisbættunni eru gerð ágæt skil á bls. 4 í úttekt KPMG á afurðastöðum (fylgiskjal nr. 28).

Samrunaaðilar (Norðlenska og SAH) taka við sláturgripum sem bændur leggja inn til slátrunar. Að jafnaði eru það samrunaaðilar sem annast flutning á sláturgripum frá býli til slátruhúss. Á starfsstöðvum allra samrunaaðila fer fram grófvinnsla kjötafurða, s.s. úrbeining og niðursögun, en Norðlenska og Kjarnafæði framkvæma einnig umtalsverða frekari vinnslu, á borð við marineringu, áleggsggerð, röspun og fullvinnslu tilbúinna rétta.

Bæði grófunnið og meira unnið kjöt er selt áfram til endursölu hjá dagvöruverslunum eða á veitinga- og stóreldhúsamarkað. Bæði Kjarnafæði og Norðlenska eru með sölumenn í höfuðstöðvum sínum á Norðurlandi, auk þess sem Norðlenska heldur úti söluskrifstofu í Reykjavík. [...] <sup>48</sup> Sölumenn ýmist sækja viðskiptavinum heim til þess að selja vörur eða taka á móti og afgreiða pantanir frá þeim.

Samrunaaðilar útvista bæði dreifingu á vörum til flutningafyrirtækja, sem sækja vörur á framleiðslustöðvar og dreifa beint til viðskiptavina um land allt.

e) Eðli og umfang lóðréttar samþættingar miðað við helstu keppinauta

Hjá samrunaaðilum er til staðar lóðrétt samþætting milli annars vegar starfsemi sem tengist slátrun og hins vegar starfsemi sem tengist vinnslu og heildsölu kjötafurða.

Talsverð lóðrétt samþætting er til staðar meðal helstu keppinauta samrunaaðila. Þannig er t.d. til staðar lóðrétt samþætting milli slátrunar og vinnslu og heildsölu hjá Kaupfélagi Skagfirðinga og Sláturfélagi Suðurlands.

Þá má nefna að hjá helstu keppinautum samrunaaðila er einnig til staðar lóðrétt samþætting milli framleiðslu- og sölustiga sem samrunaaðilar starfa ekki á. Þannig má t.d. nefna samþættingu milli ræktunar og slátrunar hjá Stjörnugrís ehf. og samþættingu milli vinnslu og heildsölu annars vegar og smásölu hins vegar í tilfelli Ferskra Kjötvara.

Rétt er að nefna að stórir keppinautar samrunaaðila, þ.e. Kaupfélag Skagfirðinga og Hagar (Ferskar kjötvörur) njóta umtalsverðrar stærðarhagkvæmni í fjölpættri starfsemi sinni. Hugsanlegt er að slíkt geri það að verkum að þessir aðilar standi sterkar að vígi en aðrir þegar kemur að því að stunda samkeppni á hlutaðeigandi mörkuðum, en slíkt endurspeglast í

---

<sup>48</sup> TRÚNAÐARMÁL

upplýsingum um og samanburði á afkomu afurðastöðva á bls. 22 í skýrslu KPMG, líkt og fjallað hefur verið um hér að framan.

f) Sundurliðun tekna í ársreikningi

Langstærstur hluti þeirrar starfsemi sem samrunaaðilar koma að er á mörkuðum sem samruni þessi hefur áhrif á. Vísast því til fyrri sundurliðunar á tekjum aðila milli mismunandi markaða fyrir vinnslu og heildsölu á kjöti. Þá má einnig vísa til bls. 12 til 15 í fjárfestakynningu varðandi sameiginlega skiptingu samrunaaðila (fylgiskjal nr. 2).

[...] <sup>49</sup>

Vísast til ársreikninga samrunaaðila til frekari skýringa hvað varðar veltu þeirra.

g) Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila

Í neðangreindum töflum er að finna upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu samrunaaðila fyrir árin 2017, 2018 og 2019.

**Kjarnafæði og SAH<sup>50</sup>**

<i>m.kr.</i>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Rekstrartekjur			
Aðrar tekjur			
<b>Samtals</b>			
Hráefnisnotkun			
Laun-og launatengd gjöld			
Annar framleiðslukostnaður			
Annar skrifstofu-og stjórnunarkostnaður			
<b>Samtals</b>			

**Norðlenska<sup>51</sup>**

<i>m.kr.</i>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	<b>2019</b>
Rekstrartekjur			
Aðrar tekjur			
<b>Samtals</b>			
Hráefnisnotkun			
Framleiðslulaun			

<sup>49</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>50</sup> Tölur þessar eru byggðar á ársreikningum hvers árs sem hafa ekki verið leiðréttar fyrir samstæðureikningskilum. Tölurnar eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>51</sup> Tölur í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

Óbeinn framleiðslukostnaður			
Sölu-og stjórnunarkostnaður			
Annar rekstrarkostnaður			
<b>Samtals</b>			

## 8. kafli

### Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

Þar sem nán tengsl eru milli starfsemi sem snýr að slátrun annars vegar og vinnslu og heildsölu hins vegar, og markaðsskilyrði að miklu leyti svipuð, verður í eftirfarandi umfjöllun fjallað um almenn skilyrði viðkomandi markaða með heildstæðum hætti. Eftir því sem tilefni gefst verður vísað til sérstakra markaðsskilyrði á einstökum undirmörkuðum.

Fimm helstu sjálfstæðu birgjar aðilanna, og hlutur þeirra í innkaupum frá hverjum þeirra, er eftirfarandi:

#### Norðlenska

Eftirfarandi eru fimm stærstu birgjar Norðlenska árið 2019, þegar litið er til innkaupa í heild<sup>52</sup>:

Birgir	Hlutfall af heildarinnkaupum

Eftirfarandi eru fimm stærstu birgjar Norðlenska, í flokki innleggjenda\*, innan og utan Búsældar<sup>53</sup>:

Birgir	Hlutfall af heildarinnkaupum

[...]

<sup>52</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>53</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

Eftirfarandi eru fimm stærstu birgjar Norðlenska, aðrir en innleggjendur<sup>54</sup>:

Birgir	Hlutfall af heildarinnkaupum

Eftirfarandi eru fimm stærstu birgjar Kjarnafæðis<sup>55</sup>:

Birgir	Hlutfall af heildarinnkaupum

Eftirfarandi eru fimm stærstu birgjar SAH, aðrir en innleggjendur<sup>56</sup>.

Birgir	Hlutfall af heildarinnkaupum

Að því er varðar markaði fyrir slátrun þá taka afurðastöðvarnar við þeim sláturgripum sem bændur leggja inn hjá þeim. Lengi vel var framboð mjög mikið og var þá lagt kapp á að lækka verð, þar sem framboð var í reynd meira en eftirspurn. Undanfarin tvö ár hefur framboð hins vegar minnkað en eftirspurn aukist, sem leitt hefur til verðhækkunar. Mátti aukningu í eftirspurn einkum tengja við mikla aukningu ferðamanna hér á landi fram til þess tíma þegar Covid-19 heimsfaraldurinn braust út, en faraldurinn hefur og mun væntanlega áfram hafa áhrif til minnkunar á eftirspurn.

[...] <sup>57</sup>

Samkeppni á markaði fyrir slátrun er nokkur. Við val á þjónustuaðila hefur verð áhrif, einkum þar sem aðgengi að fleiri en einum aðila er sambærilegt, en þar að auki skiptir staðsetning máli, sem og þjónustustig. Helstu samkeppnisaðilar eru Sláturfélag Suðurlands og Kaupfélag

<sup>54</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>55</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>56</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>57</sup> TRÚNAÐARMÁL



Skagfirðinga, Sláturhús KVH (sem er 50% í eigu KS), en einnig smærri aðilar á borð við Fjallalamb og Sláturfélag Vopnfirðinga (sem eins og áður greinir er að hluta í eigu Kjarnafæðis).

Hvað varðar markaði fyrir vinnslu og heildsölu þá er þar einnig mikið framboð. Er þar annars vegar um að ræða afurðir frá slátrun og vinnslu á innlendri framleiðslu og hins vegar unnar og óunnar kjötafurðir sem fluttar eru til landsins. Aðgangur að viðskiptavinum er auðveldur og samkeppni mikil hvort sem horft er til markað fyrir vinnslu og heildsölu til dagvöruverslana eða til annarra aðila. Helstu samkeppnisaðilar, auk Sláturfélags Suðurlands og Kaupfélags Skagfirðinga, eru Ferskar kjötvörur, Stjörnugrís, Síld&Fiskur (Ali), Fjallalamb, o.fl. smærri aðilar. Hér ber einnig að nefna að ýmis heildsölufyrirtæki starfa á þessum markaði, hvort sem er með innfluttar vörur eða innlendir, þar á meðal Ekran, Garri, ÓJ&K/Sælkeradreifing og Matvex. Við mat á stærð hlutaðeigandi markaða og markaðshlutdeild þeirra aðila sem á þeim starfa er því nauðsynlegt að afla einnig upplýsinga frá þessum aðilum.

Í neðangreindum töflum eru tilgreindir stærstu sjálfstæðu viðskiptavinir samrunaaðila árið 2019 (án útflutnings) og heildeild þeirra í heildarsölu aðila.

Norðlenska<sup>58</sup>:

Viðskiptamaður	Hlutfall af heildarsölu

Kjarnafæði<sup>59</sup>:

Viðskiptamaður	Hlutfall af heildarsölu

SAH<sup>60</sup>:

Viðskiptamaður	Hlutfall af heildarsölu

<sup>58</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>59</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL

<sup>60</sup> Upplýsingar í töflunni eru TRÚNAÐARMÁL


[...] <sup>61</sup>

[...] <sup>62</sup>

[...] <sup>63</sup>

Að því er varðar sérstaklega eftirspurn eftir kindakjöti þá hefur framleiðslumagn verið of mikið miðað við eftirspurn. Þannig hefur heildarframleiðsluvirði kindakjöts lækkað um 23% frá árinu 2013 og nam í árslok 2017 um 8,2 milljörðum króna. Framleiðsla kindakjöts hefur aukist en eftirspurn innanlands hefur staðið í stað. Hefur hin aukna framleiðsla að einhverju leyti farið í útflutning. <sup>64</sup>

Að mati samrunaaðila er ekki fyrir að fara sérstökum aðgangshindrunum á þeim mörkuðum sem samrunann varðar. Ekki þarf annað en að fjárfesta í tækjabúnaði og hlíta þeim reglum sem gilda um starfsleyfi og aðbúnað. Matvælastofnun veitir sláturhúsum og kjötvinnslum starfsleyfi, en leyfishafar þurfa að uppfylla kröfur um hönnun, búnað, hreinlæti og innra eftirlit. Þá annast Matvælastofnun reglubundið eftirlit hjá leyfishöfum. Auðvelt er að kaupa hráefni, hvort sem það er innlent eða innflutt, auk þess sem aðgengi að viðskiptavinum er gott.

Rekstur félaga á viðkomandi mörkuðum hefur líkt og áður greinir verið mjög þungur undanfarin ár. Eins og fram kemur í 3. kafla hér að framan þá hafa þar einkum haft áhrif erfiðar ytri aðstæður, kostnaðarhækkanir umfram verðlagsþróun á matvörumarkaði, mikil aukin samkeppni erlendis frá og erfiðar aðstæður í útflutningi.

Samrunaaðilar byggja rekstur sinn og afkomu í raun eingöngu á starfsemi á kjötmörkuðum. Er þetta ólíkt helstu samkeppnisaðilum, sem margir hverjir stunda mun víðtækari starfsemi. Til dæmis þá er rekur Kaupfélag Skagfirðinga KS-Kjötafurfurðarstöð. Þar er slátrun og svo vinnsla og heildsala rekin sem hluti af heildarfélagi sem einnig fæst við sjávarútveg, mjólkurframleiðslu, verslunarrekstur, fóðurframleiðslu o.fl. Annar stór samkeppnisaðili samrunaaðila er Sláturfélag Suðurlands, sem einnig stundar fjölbreyttan rekstur sem samanstendur af heildverslun, kjúklingaframleiðslu sem og slátrun og vinnslu og heildsölu kjöts. Er vægi stærðarhagkvæmni hjá þessum félögum umtalsvert, en eins og sjá má í úttekt sem ráðgjafasvið KPMG gerði fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þá er afkoma þeirra umtalsvert betri en annarra afurðarstöðva sökum hinnar víðtæku starfsemi sem félögin stunda. <sup>65</sup> Einnig eru fyrirtæki virk á viðkomandi mörkuðum sem eru í eigu fjársterkra aðila sem hafa aðra tekjustofna en aðeins

<sup>61</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>62</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>63</sup> TRÚNAÐARMÁL

<sup>64</sup> Sjá bls. 8 í úttekt KPMG (fylgiskjal nr. 28).

<sup>65</sup> Sjá bls. 21-27 í úttekt KPMG (fylgiskjal nr. 28).

slátrun og vinnsla kjöts, eins og t.d. Ferskar kjötvörur í eigu Haga. Hafa verður framangreint til hliðsjónar þegar mat er lagt á stöðu samrunaaðila á viðkomandi mörkuðum.

Kjötvinnslum er veitt talsvert samkeppnislegt aðhald í gegnum innflutning á kjöti og kjötvörum, en eins og fram kemur í ákvörðun SE nr. 3/2011 (Samruni Stjórnugríss hf. við Rekstrarfélagið Braut ehf. og LS2 ehf.) þá gætir áhrifa innflutnings fyrst og fremst á þeim mörkuðum sem kjötvinnsalur starfa á. Hafa samrunaaðilar á undanförunum árum fundið fyrir harðari samkeppni frá stórum aðilum í heildverslun og öðrum innflutningi sem hafa gert sig gildandi á kjötmörkuðum. Innflutningur hefur ýmist verið á grundvelli úthlutaðs tollkvóta eða þá innflutningur með tollum. Þrátt fyrir að innflutningur hafi ekki bein áhrif á landfræðilega skilgreiningu hlutaðeigandi markaða, þá er ljóst að íslenskum fyrirtækjum er með þessu veitt verulegt samkeppnislegt aðhald.

Með dómi Hæstaréttar þann 11. október 2018, í máli nr. 154/2017, staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um að íslenska ríkið skyldi greiða skaðabætur vegna innflutningshindrana á fersku kjöti. Með dóminum var því slegið föstu að reglur um leyfisveitingar í tengslum við innflutning á kjöti og krafa um frystingu kjöts brjóti í bága við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum. Af dóminum leiðir einnig að breyta verður reglum m.a. um leyfisveitingar fyrir innflutningi á fersku kjöti og öðrum kjötvörum. Þann 13. febrúar 2019 birti eftirlitsstofnun EFTA, ESA, rökstutt álit þess efnis að breyta þurfi reglum m.a. um leyfisveitingar á fersku kjöti og öðrum kjötvörum, en rökstutt álit er annað skrefið í meðferð samningsbrotamáls. Í kjölfarið tóku gildi lög nr. 93/2019, um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um fóðri, áburði og sáðvöru (innflutningur búfjárafurða) sem ætlað var að bregðast við framangreindu. Þessar breytingar gera það að verkum að innlend framleiðsla þarf nú að bregðast við enn harðari samkeppni frá innfluttum kjötafurðum. Áhrif framangreindra laga hafa nú þegar litið dagsins ljós í starfsemi samrunaaðila. Þessi áhrif fela það meðal annars í sér að sérstaða innlends kjöts á markaði hefur minnkað, með innkomu ófrosins innflutts kjöts. Hefur áhrifa einkum gætt í tilviki dýrara kjöts, t.a.m. dýrari nautavöðva, þar sem erlend innflutt vara í þeim flokkum hefur reynst talsvert ódýrari en innlend framleiðsla. Samrunaaðilar benda á að með þessari auknu samkeppni erlendis frá er framleiðsluhvati íslenskra bænda lítill miðað við núverandi afurðaverð til þeirra. Af þeim sökum telja samrunaaðilar mikilvægt að finna leiðir til þess að mæta þessari samkeppni með aukinni hagræðingu, líkt og hinn fyrirhugaði samruni mun hafa í för með sér. Þá má nefna að í kjölfar breyttrar löggjafar hefur samkeppnisaðilum fjölgað og finna má þess merki í íslenskum dagvöruverslunum að framsetningu í þeim sé breytt í því skyni að auka veg þeirra eigin innflutnings.

Að því er varðar viðkomandi vörumarkaði fyrir kindaafurðir þá er rétt að geta þess að staða þeirra markaða hefur verið einkar slæm undanfarin ár. Í fyrrnefndri úttekt KPMG sem gerð var fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er greindur kostnaður við slátrun, sölu og dreifingu sauðfjárafurða með það fyrir augum að reyna að finna leiðir til þess að lækka sláturkostnað og auka hagræðingu í greininni, bændum og neytendum til hagsbóta. Í úttektinni kemur fram að flestir sem starfi í greininni séu sammála um að fækka þurfi sláturhúsum til þess að mæta mögulega minni framleiðslu í framtíðinni, lakari afkomu, tryggja betri nýtingu aðfanga og gera afurðarstöðvum kleift að innleiða skilvirkari framleiðslulínur.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beindi því til samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga að setja í forgang tillögur til að bregðast við erfiðleikum í sauðfjárrækt, en

samráðshópurinn skilaði af sér tillögum þann 3. júlí 2018 (fylgiskjal nr. 29). Þar er fjallað um aðgerðir sem stuðla eiga að hagræðingu og stöðugleika í greininni. Er þar tekið undir þær tillögur sem fram koma í úttekt KPMG á afurðarstöðvum og að ljóst sé að fækka þurfi sláturhúsum frá því sem nú er. Þá segir að afurðarverð til bænda sé með því lægsta sem þekkist í Evrópu og að með aukinni hagræðingu í slátrun og vinnslu geti náðst ávinningur sem bæði skilar sér til bænda og neytenda. Samrunaaðilar telja að samruninn komi til með að hafa slíkan ávinning í för með sér.

Samrunaaðilar telja að með samrunanum geti fyrirtækin skorið niður kostnað og aukið skilvirkni framleiðsluferla. Þó að hið sameinaða félag muni hafa talsverða markaðshlutdeild á ákveðnum skilgreindum mörkuðum þá eru fyrir á markaði aðilar sem m.a. stunda víðtækari rekstur og njóta hags af umtalsverðri stærðarhagkvæmni. Þá eru samrunaaðilar í harðri samkeppni við innflutning. Sameinað félag verður betur í stakk búið til þess að mæta þessari samkeppni. [...]<sup>66</sup>.

Að endingu skal tekið fram að eftir því sem samrunaaðilar best vita þá tíðkast láréttir samstarfssamningar ekki á þeim mörkuðum sem samrunann varðar. Þau atvinnugreinasamtök sem samrunaaðilar tilheyra eru Samtök Iðnaðarins, Samtök Atvinnulífsins, Landssamtök sláturleyfishafa og Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja. Landssamtök sláturleyfishafa voru stofnuð árið 1986. Verksvið samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunum félaga sem stunda slátrun búfánaðar á Íslandi og annast samskipti við stjórnvöld varðandi þau hagsmunamál. Allir sláturleyfishafar á Íslandi eru aðilar að samtökunum, að frátöldu Stjórnugrís hf. Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja voru stofnuð innan Samtaka iðnaðarins í nóvember 2010 með það að markmiði að vinna að hagsmunamálum matvælafyrirtækja sem vinna úr íslenskum landbúnaðarvörum.

\*\*\*\*\*

Að öllu fyrrgreindu virtu telja samrunaaðilar ljóst að engin þau áhrif verða við samruna þann sem hér er fjallað um er réttlætt geta íhlutun samkeppnisyfirvalda. Þannig verður markaðsráðandi staða ekki til, engin slík staða styrkist og samkeppni verður ekki raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti, líkt og gert að að skilyrði í 17. gr. c samkeppnislaga.

## 9. kafli

### Áhrif á neytendur og milliliði

Að mati samrunaaðila felst ávinningur samrunans í aukinni hagræðingu og samlegð sem tryggir samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Félögin verða því betur í stakk búin til þess að stunda virka samkeppni á viðkomandi mörkuðum þar sem fyrir eru stórir og efnahagslega sterkir aðilar, s.s. Sláturfélag Suðurlands, Kaupfélag Skagfirðinga, Stjórnugrís, Mata og Ferskar Kjötvörur, ásamt því að geta tekist á við þá auknu samkeppni sem fylgir innflutningi á frosnu og fersku kjöti. Samruninn mun jafnframt hafa jákvæð áhrif fyrir innleggjendur félaganna, þar sem möguleiki verður á hagræðingu við söfnun og slátrun gripa svo slátrun verði hagkvæmari og

---

<sup>66</sup> TRÚNAÐARMÁL

með minni tilkostnaði, en jafnframt að bændur fái viðunandi verð fyrir framleiðslu sína. Þannig er rekstrargrundvöllur í landbúnaði tryggður, sem stuðlar að tryggara fæðuöryggi hér á landi.

Samrunaaðilar telja að samruninn muni ekki hafa nokkur skaðleg áhrif á samkeppni á þeim mörkuðum sem um ræðir. Eins og um var getið að framan þá verður markaðsráðandi staða hvorki til né styrkist, auk þess sem ekki eru líkur á því að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

[...] <sup>67</sup>. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í 8. kafla að framan.

---

<sup>67</sup> TRÚNAÐARMÁL

## 10. kafli

### Fylgiskjöl

Samrunaskrá þessari fylgja neðangreind fylgiskjöl:

1. Umboð, dags. 27. júlí 2020.
2. Fjárfestakynning, janúar 2019. TRÚNAÐARMÁL.
3. Skuldbindandi samkomulag um samruna vegna Kjarnafæðis hf. og Norðlenska matborðsins ehf. og tengdra félaga, dags. 4. júlí 2020. TRÚNAÐARMÁL.
4. Drög að hluthafasamkomulagi. TRÚNAÐARMÁL.
5. Leigusamningur um atvinnuhúsnæði að Oddeyrartanga, dags. 19. desember 2007, ásamt viðaukum. TRÚNAÐARMÁL.
6. Viðauki við leigusamning, dags. 27. júlí 2020. TRÚNAÐARMÁL.
7. Ársreikningur Kjarnafæðis hf. fyrir árið 2018.
8. Ársreikningur Kjarnafæðis hf. fyrir árið 2019.
9. Ársreikningur GMS ehf. fyrir árið 2018.
10. Ársreikningur GMS ehf. fyrir árið 2019.
11. Ársreikningur SAH Afurða ehf. fyrir árið 2018.
12. Ársreikningur SAH Afurða ehf. fyrir árið 2019.
13. Ársreikningur Tana ehf. fyrir árið 2018.
14. Ársreikningur Tana ehf. fyrir árið 2019.
15. Ársreikningur Norðlenska matborðsins ehf. fyrir árið 2018.
16. Ársreikningur Norðlenska matborðsins ehf. fyrir árið 2019.
17. Ársreikningur Búsældar ehf. fyrir árið 2018.
18. Ársreikningur Búsældar ehf. fyrir árið 2019.
19. Ársreikningur Icelandic Byproducts ehf. fyrir árið 2018.
20. Ársreikningur Icelandic Byproducts ehf. fyrir árið 2019.
21. Ársreikningur Goða ehf. fyrir árið 2018.
22. Ársreikningur Goða ehf. fyrir árið 2019.
23. Ársreikningur Baulu ehf. fyrir árið 2018.
24. Ársreikningur Baulu ehf. fyrir árið 2019.
25. Listi yfir hluthafa Búsældar miðað við ársreikning 2019.
26. Útprintanir úr hlutafélagaskrá fyrir öll þau félög sem hér eru til umfjöllunar.
27. Skýrslur um hlutafélagabátttöku núverandi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í öllum þeim félögum sem hér eru til umfjöllunar (í stafrófsröð).
28. Úttekt KPMG á afurðarstöðvum, júní 2018.
29. Tillögur og framvinduskýrsla samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, 3. júlí 2018.
30. Yfirlit yfir úthlutun tollkvóta fyrir fyrri hluta árs 2020. TRÚNAÐARMÁL.
31. Yfirlit yfir úthlutun tollkvóta fyrir seinni hluta árs 2020. TRÚNAÐARMÁL.
32. Samrunatilkynning án trúnaðarupplýsinga.

**11. kafli**  
**Yfirlýsing**

Undirritaðar lýsa því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í skrá þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afruit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaðar hafa kynnt sér 41. gr. b samkeppnislaga nr. 44/2005.

Reykjavík, 18. ágúst 2020

---

Hulda Árnadóttir hrl.

---

Guðrún Lilja Sigurðardóttir hdl.